



# Betri Bakkafjörður

Skilaboð íbúáþings á Bakkafirði, mars 2019

## Efnisyfirlit

Samantekt.....	1
1. Inngangur.....	2
2. Forgangsröðun.....	3
3. Atvinnumál .....	4
3.1. Sjávarútvegur.....	4
3.2. Ferðapjónusta.....	4
3.3. Störf án staðsetningar .....	5
3.4. Matvælavinnsla .....	6
3.5. Önnur atvinnutækifæri.....	6
4. Fjölskyldufólk.....	7
5. Umhverfi og innviðir .....	8
5.1. Ásýnd .....	8
5.2. Sorp og veitur .....	8
5.3. Samgöngur.....	8
5.4. Höfn og Bæjarvík .....	9
5.5. Þjónustumiðstöð Bakkafjarðar .....	9
5.6. Húsnæðismál .....	10
5.7. Gróðursetning og gönguleiðir.....	10
6. Samfélag .....	11
6.1. Auka samskipti milli byggðarlaga .....	11
6.2. Íslenskukennsla.....	12
6.3. Afþreying .....	12
6.4. Mannauður .....	12
7. Ný tækifæri.....	13
7.1. Listamiðstöð .....	13
7.2. Raungreinasetur .....	13
7.3. Sumarbúðir á Bakkafirði .....	14
8. Að tíu árum liðnum - 2029.....	14
9. Að lokum.....	15

*Öllum sem þátt tóku í íbúðinginu á Bakkafirði og þeim sem aðstoðuðu við framkvæmdina, eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf og vel heppnað þing.*

Helgina 30. – 31. mars 2019, var haldið íbúðing á Bakkafirði, við upphaf byggðapróunarverkefnis sem hlaut á þinginu nafnið „Betri Bakkafjörður“.

Íbúðingið var haldið í skólanum á Bakkafirði. Um veitingar sá Þorkell Gíslason og voru þær í boði Byggðastofnunar.

Umsjón með íbúðinginu og þessari samantekt hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, í samstarfi við verkefnisstjórn. Ljósmyndir merktar KPH, auk mynda á forsíðu, tók Kristján Þ. Halldórsson, hjá Byggðastofnun, en aðrar myndir eru frá ILDI.

Eftirtalin skipa verkefnisstjórn, sem mun starfa meðan verkefnið stendur, í allt að fjögur ár.

Arnmundur Marinósson, fulltrúi íbúa.

Elías Pétursson, Langanesbyggð.

Eva Pandora Baldursdóttir, Byggðastofnun.

Hilda Jana Gísladóttir, Eyþingi.

Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun.

Mariusz Mozejko, fulltrúi íbúa.

Reinhard Reynisson, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Þorkell Gíslason fulltrúi íbúa—til vara.

Þorsteinn Ægir Egilsson, Langanesbyggð.



KPH



## Samantekt

Helgina 30. – 31. mars, 2019, var haldið tveggja daga íbúáþing á Bakkafirði. Þingið markar upphaf að þátttöku samfélagsins við Bakkaflóa, í verkefni Byggðastofnunar, „Brothættar byggðir“. Að verkefninu standa íbúar á Bakkafirði og nærsveitum, Langanesbyggð, Eyþing og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, ásamt Byggðastofnun.

Allir sem vettlingi gátu valdið komu á þingið, þar sem voru hátt í 50 manns í byggðarlagi þar sem aðeins 84 eru skráðir til heimilis. Aldrei fyrr á sambærilegum þingum í „brothættum byggðum“, hefur tekist jafn vel að ná til fólks af ólíku þjóðerni. Þingið var því fjölþjóðlegt og fór fram á íslensku, pólsku og búlgörsku. Jafnframt setti ungt fjölskyldufólk, mikinn svip á þingið.

Þátttakendur lögðu mesta áherslu á atvinnumál, vildu sjá nýjan og öflugan rekstraraðila að fiskverkun, helst 10 – 15 manna vinnustað. Einnig er horft til tækifæra í ferðaþjónustu á Bakkafirði og möguleika sem skapast með störfum án staðsetningar. Varpað var fram ýmsum hugmyndum til að endurverkja leik- og grunnskóla, enda séu skólarnir forsenda fyrir búsetu fjölskyldufólks á staðnum. Á Bakkafirði ríkir metnaður fyrir úrbótum í umhverfismálum, s.s. sorp- og fráveitumálum og að bæta ásýnd staðarins til hins betra, m.a. með góðursetningu. Jafnframt er áhugi á að gera átak í að skipuleggja og merkja gönguleiðir.

Góður andi og miklar umræður á þinginu, bæði í vinnuhópum og yfir kaffibollum, sýndu hversu vel íbúar kunnu að meta þetta tækifæri til samtals. Enda velti fólk fyrir sér ýmsum leiðum til að koma oftast saman, til dæmis með því að nýta húsnæði sem þegar er til staðar, fyrir íþróttir og afþreyingu af ýmsu tagi. Þá kom fram vilji til að auka samskipti milli byggðarlaga innan Langanesbyggðar og hætta að vera „við og þið“, eins og það var orðað.

Af fleiri hugmyndum um verkefni sem gætu eftir byggð á Bakkafirði, má nefna listamiðstöð, sumarþúfir fyrir börn, þjónustumiðstöð á vegum sveitarfélagsins og aðstöðu fyrir matvælavinnslu. Íbúar lögðu áherslu á mikilvægi þess að koma verslun í rekstur, sem nú er í undirbúningi. Þá var rætt um að kanna áhuga sumarhúsaeigenda á að leigja hús sín út og athuga með leiðir til að minnka orkukostnað.

Á svo fámennum stað er hver einstaklingur svo dýrmætur. Þess vegna var stungið upp á því að í framhaldinu yrði rætt við hvern og einn, til að greina áhugasvið, hæfni, menntun, reynslu. Þetta væri liður í því að aðstoða fólk við að láta drauma sína rætast og þannig styrkja samfélagið innan frá. Einnig var kallað eftir íslenskukennslu.

Á íbúáþinginu á Bakkafirði var stigið skref í að brúa bil, ekki aðeins milli ólíkra þjóðerna og tungumála, heldur einnig milli fortíðar og framtíðar. Íbúar telja lykillinn að árangri vera að samfélagið standi saman í uppbyggingu staðarins, að fólk hafi áhuga á breytingum sem bæta bæði stöðuna og samfélagið og að fjármagn fylgi, svo hægt verði að láta verkin tala.

Þinginu stýrði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI og vann hún jafnframt þessa samantekt. Verkefnisstjórn mun nú nýta skilaboð þingsins, ásamt stöðugreiningu, til að móta verkefnisáætlun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðaðróunarverkefni sem staðið getur í allt að fjögur ár. Á þinginu var verkefninu valið nafnið „Betri Bakkafjörður“.

# 1. Inngangur

„Brothættar byggðir“ er verkefni og verklag Byggðastofnunar, sem beitt hefur verið í byggðum þar sem hallar undan fæti. Þróun verkefnisins hófst árið 2012 og hafa 10 byggðarlög farið inn í verkefnið. Það ellefta er Bakkafjörður, en líkt og á öðrum stöðum, hófst verkefnið með íbúáþingi sem haldið var helgina 30. – 31. mars 2019 og fjallar þessi samantekt um skilaboð þingsins.

Þátttaka Bakkafjarðar í verkefninu „Brothættar byggðir“ á sér annan aðdraganda en venju ber til. Um er að ræða einn þátt af fimm, í tillögum nefndar sem skipuð var af ríkisstjórn til að fjalla um eflingu byggðar við Bakkaflóa. Nefndin var skipuð í framhaldi af vinnu starfshóps sem settur var á laggirnar sumarið 2017 að frumkvæði heimamanna og skilaði tillögum sínum til forsætisráðherra í mars 2018.<sup>1</sup> Mikill samhljómur var með tillögum starfshópsins og nefndarinnar.

Meginmarkmið verkefnisins „Brothættar byggðir“, samkvæmt verkefnislýsingu Byggðastofnunar, „...er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, (empowerment), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.“<sup>2</sup>

Skilaboð íbúáþings, ásamt stöðugreiningu, eru efniviður fyrir framtíðarsýn og verkefnisáætlun til allt að fjögurra ára. Að verkefninu standa íbúar á Bakkafirði, Langanesbyggð, Eyþing og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, auk Byggðastofnunar. Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum frá þessum aðilum, eins og fram kemur hér á undan. Hlutverk hennar, ásamt verkefnisstjóra, er að fylgja málum eftir, með virkri þátttöku íbúa.

Íbúáþingið var fjölsótt og mættu hátt í 50 manns, en 84 eru skráðir til heimilis á Bakkafirði. Aldrei fyrr á sambærilegum þingum í „brothættum byggðum“, hefur tekist jafn vel að ná til fólks af ólíku þjóðerni. Þingið var því fjölþjóðlegt og fór fram á íslensku, pólsku og búlgörsku. Til gamans má geta þess að í hádegishléi á síðari degi þingsins voru sungin búlgörsk þjóðlög við píanóundirleik, sem var sjálfsprottið framtak. Jafnframt setti ungt fjölskyldufólk, mikinn svip á þingið.

Fyrirkomulag þingsins var svokallað „Opið rými“ – Open Space<sup>3</sup>. Þátttakendur stungu upp á málefnum sem rædd voru í minni hópum. Samantektin byggir á gögnum frá hópum og kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á umræðuefnum. Í lok þingsins fór einnig fram forgangsröðun á þeim málefnum sem tekin höfðu verið til umræðu. Þá var rætt um hvað þyrfti til að ná góðum árangri í byggðaþróun við Bakkaflóa og þá horft 10 ár fram í tímann, til ársins 2029. Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, hafði umsjón með íbúáþinginu og vann þessa samantekt, en hún hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum gildum og siðareglum.

---

<sup>1</sup> Málefni Bakkafjarðar. Tillögur starfshóps til ríkisstjórnar Íslands, febrúar 2018.

[https://www.langanesbyggd.is/static/files/frettir/Bakkafj.2018/malefni-bakkafjardar-greinargerd\\_lokaskjal.pdf](https://www.langanesbyggd.is/static/files/frettir/Bakkafj.2018/malefni-bakkafjardar-greinargerd_lokaskjal.pdf)

<sup>2</sup> Brothættar byggðir. Verkefnislýsing, útgáfa 2.2, júní 2017.

[https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/verklýsings/verkefnislýsing-brothaettra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/verkefnislýsing-brothaettra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf)

<sup>3</sup> <http://www.openspaceworld.org/>

## 2. Forgangsröðun


Eftir líflegar og fjölbreyttar umræður á tveggja daga íbúabíngi, lauk því þannig að þátttakendur forgangsröðuðu þeim málefnum sem rædd höfðu verið yfir helgina, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar á Bakkafirði. Hver og einn fékk 10 punkta til að útdeila á málaflokka, að vild.

Atvinnumál hlutu lang mest vægi, sem kemur ekki á óvart í ljósi bágrar stöðu í atvinnumálum. Helst eiga Bakkfirðingar sér draum um nýtt fyrirtæki í fiskvinnslu og þá ekki aðeins frumvinnslu, heldur hugsanlega fyrirtækis sem „fer lengra í virðisæðjunni“. Einnig sáu þátttakendur nýja möguleika í annarri matvælaframleiðslu og ferðapjónustu, auk starfa án staðsetningar.

Próun byggðar á Bakkafirði, ræðst að verulegu leyti af búsetuskilyrðum fyrir fjölskyldur og var þeim málum gefið mikið vægi á þinginu. Þar vegur skólastarf þyngst, að mati heimamanna og var lögð áhersla á að opna leik- og grunnskóla á ný, mögulega með samstarfi við skólana á Þórshöfn.

Fólki var umhugað um umhverfismál og þá annars vegar að bæta ásýnd og hins vegar að finna nýjan urðunarstað fyrir sorp, sem og koma fráveitumálum í lag. Áhugi er á að auka samskipti milli byggðarlaganna innan Langanesbyggðar og var varpað fram ýmsum hugmyndum til þess. Varðandi samgöngur kom fram að klára þurfi veginn til Bakkafjarðar og bæta vetrarþjónustu. Ræddar voru hugmyndir um listamiðstöð og hvernig mætti auka framboð á íbúðarhúsnæði. Átak í gróðursetningu og lagningu og merkingu gönguleiða tengist óskinni um bætta ásýnd Bakkafjarðar. En einnig því að fjölga afþreyingarmöguleikum og þar rötuðu ýmsar fleiri hugmyndir á blað. Þörf er fyrir íslenskukennslu fyrir erlenda íbúa.

Einhverjir hafa áhuga á að komið verði upp aðstöðu til matvælavinnslu. Önnur málefni sem komu til umræðu var hugmynd um sumarþúðir fyrir börn á Bakkafirði, tækifæri tengd raungreinakennslu, bæði fyrir nemendur á staðnum og mögulega víðar að, sem og fræðasetur. Þar sem hver og einn íbúi skiptir svo miklu máli, var varpað fram hugmynd um að greina áhugasvið og hæfni íbúa, menntun og reynslu og sníða verkefni til eflingar byggðar að óskum, löngunum og krafti samfélagsins.



### 3. Atvinnumál

Staða atvinnumála á Bakkafirði er veik sem stendur og því var sá málaflokkur þátttakendum ofarlega í huga á íbúðinginu. Við forgangsróðun málefna í lok þings, var óskín um nýjan atvinnuveitanda í fiskvinnslu lang efst. Einnig var rætt um tækifæri í ferðaþjónustu og þá m.a. horft til þess að komið verður upp gistirými í skólanum fyrir sumarið. Einn hópur ræddi sérstaklega um störf án staðsetningar og annar um matvælavinnslu, auk þess sem nokkur önnur atvinnutækifæri bar á góma í umræðum hópa. Sjá einnig fleiri atvinnuskapandi hugmyndir í kafla 7.

#### 3.1. Sjávarútvegur

Nálægð við góð fiskimið eru sérstaða og styrkur Bakkafjarðar og því horfa heimamenn til tækifæra til atvinnuuppbyggingar á sviði sjávarútvegs. Daginn áður en þingið hófst kom í ljós að eitt af fiskvinnslufyrirtækjunum á staðnum væri að hætta starfsemi. Því var sú ósk ofarlega í hugum þátttakenda að fá nýjan og öflugan aðila að fiskverkun, fjársterkt fyrirtæki, til að halda uppi vinnu. Gjarnan þá 10 – 15 manna vinnustað og ef til vill fyrirtæki sem færi lengra í virðisdeðjunni. Markmiðið ætti að vera að „ná öllum aflu af bryggjunni í húsið“, eins og það var orðað.

Þetta kallar, að mati þátttakenda, á aukningu veiðiheimilda til handa fyrirtækinu, til að halda uppi vinnu allt árið og þá helst horft til byggðakvóta og/eða sértæks byggðakvóta. Rætt var um þann möguleika að koma á einhvers konar samvinnu um reksturinn þar sem allir hefðu hag af starfseminni, þ.e. bæði heimamenn og fyrirtækið. Einnig var varpað fram hugmynd um fiskmarkað á Bakkafirði.

*„Ná öllum aflu af bryggjunni í húsið.“*

#### 3.2. Ferðaþjónusta

Umræður um tækifæri í ferðaþjónustu snerust um gistaðstöðu, afþreyingu og markaðssetningu. Rætt var um að bæta aðstöðu á tjaldsvæðinu og gera það að ákjósanlegum stoppistað. Koma mætti upp sturtu- og klósettaðstöðu og bæta bílaplan og aðstöðu fyrir hjólhýsi og ferðavagna. Í þessu sambandi var einnig lagt til að skoða opin svæði og leiktæki. Spurt var hvort hægt væri að nýta gömlu símstöðina sem þjónustuhús.

Varðandi gistiheimilið sem nú er verið að koma upp í skólanum á Bakkafirði, kom fram að þar þurfi húsgögn vegna þessara breyttu nota og einnig var rætt um bókunarkerfi.



KPH

Í tengslum við ferðaþjónustu var einnig rætt um gömlu búðina, þar sem stefnt er að því að bjóða margvíslega þjónustu; kaffihús, verslun, pöntunarþjónustu, örbúð, minjagripi og veitingar. Fram kom að þar þurfi innanstokksmuni og pall sem snúi að Gunnólfsvíkurfjalli.

Rætt var um tækifæri tengd gönguleiðum, t.d. í Viðvík og þá búa til hring og stika leiðir. Hugsanlega mætti sækja göngufólk á gúmmibáti. Í umræðum var m.a. vísað til ferðaþjónustuverkefnisins „Arctic Coast Way“, sem á íslensku kallast Norðurstrandarleið. Verkefnið nær frá Hrútafirði í Bakkaflóa og snýst um markaðssetningu.<sup>4</sup>

Af öðrum hugmyndum um afþreyingu fyrir ferðamenn má nefna hestaleigu, sjóstangveiði og aðra veiði. Þá var stungið upp á ásatrúarhofi. Kortleggja ætti sérstöðu, t.d. eyðibýli og sögur fyrir ferðamenn. Af einstökum stöðum nefndu þátttakendur Stapa og Steintún.

Leggja þurfi áherslu á upplýsingagjöf fyrir ferðamenn og styrkja þannig stöðu ferðaþjónustuaðila gagnvart markaðssetningu. Markaðssetja ætti Bakkafjörð sem fjölskylduvænan áfangastað, með áherslu á náttúrufegurð, kyrrð og fámenni. Staðurinn gæti verið eins konar „endurhleðslustöð fyrir útbrunna“.

### 3.3. Störf án staðsetningar

Fyrir störf án staðsetningar þarf aðstöðu, nettengingu (ljósleiðara), samgöngur og ákveðna grunnþjónustu, þ.m.t. íbúðarhúsnæði. Þetta kom fram í hópi sem ræddi um möguleika á þessu sviði.

Nefnd voru störf á vegum ríkisins, s.s. innsláttur gagna og stjórnunarstöður.

Einnig var rætt um umhverfismál í þessu samhengi og ósk um þjónustumiðstöð á vegum Langanesbyggðar.

Þá rötuðu á blað, ýmsir punktar um kynningarmál:

- Gott kynningarstarf.
- Jákvæð ímynd út á við.
- Auglýsingar.
- Samfélagsmiðlar.
- Fréttir, net og blað.

*„Bakkafjörður; endurhleðslustöð fyrir útbrunna.“*



KPH



<sup>4</sup> <https://www.northiceland.is/en/travel/arctic-coast-way>



### 3.4. Matvælavinnsla

Nokkrir af þátttakendum á íbúðinginu voru áhugasamir um vinnslu á fleiri matvælum en sjávarafurðum, með áherslu á hráefni af svæðinu. Þetta kallar, að þeirra mati, á sameiginlega aðstöðu til að skapa og framleiða og þá jafnframt tækjakaup. Rætt var um skólann eða búðina í þessu sambandi.

Hluti af þessu væri svo sameiginleg markaðssetning og dreifing, hugsanlega undir einu vörumerki, tengdu Bakkafirði/svæðinu.

### 3.5. Önnur atvinnutækifæri

Hópurinn sem ræddi um sjávarútveg, leyfði sér líka að horfa víðar og spurði: „Hvað langar íbúana að gera?“. Eftirtaldir hugmyndir voru ræddar og skráðar:

- Listir.
- Fiskréttir.
- Átöppun vatns.
- Viskýframleiðsla.

*„Hvað langar íbúana að gera?“*

#### Næstu skref:

- Fá fjárfesta að fyrirtæki í sjávarútvegi.
- Fá verkefnisstjórn til að óska eftir opinberum störfum í samræmi við byggðaaáætlun.
- Fá sveitarfélagið til að taka þátt í þeirri vinnu að fá störf á staðinn.



KPH



KPH

## 4. Fjölskyldufólk

Stungið var upp á umræðuefninu „ákjósanlegur staður fyrir fjölskyldufólk“. Þar kom skýrt fram að „forsenda fyrir öllu sem á eftir kemur er að leik- og grunnskóli verði opnaður á ný á Bakkafirði“.

Ræddar voru hugmyndir um aukið samstarf milli skóla. Hægt væri að hafa deildaskiptingu og opna deild t.d. raunvísindadeild þar sem grunnskólanemum í sveitarfélaginu væri ekið yfir til Bakkafjarðar einu sinni í viku í raunvísindakennslu. Til dæmis kæmi 5. bekkur á mánudögum, 6. bekkur á þriðjudögum og svo framvegis.

Einnig væri hægt að nýta fjarkennslu, til að minnka akstur. Það þarf að opna leikskóla, sögðu þátttakendur, „það á ekkert foreldri eftir að leggja það á börnin sín að keyra 90 kílómetra á dag“ og þar sérstaklega vísað til barna á leikskólaaldri og í yngstu bekkjum grunnskóla.

Varpað var fram spurningu um að stofna framhaldsskóladeild á Bakkafirði og bent á að skólahúsnæðið sé býsna stórt og vel hægt að skipuleggja það fyrir öll skólastig. Fram kom að eftir sem áður væri hægt að nýta húsnæðið sem gistiheimili á sumrin.

Almennt varðandi skólamál, sögðu þátttakendur „nýtum tæknina!“.

*„Þetta helst allt í hendur!  
Atvinna og skóli.“*

Auk skólamála, þurfi að auka félagsstarf fyrir alla og bæta aðgengi að heilsugæslu. Helst þannig að hverfa aftur til fyrra fyrirkomulags, að læknir komi t.d. einu sinni í viku.

Hópurinn orðaði niðurstöðu sína svo: „Þetta helst allt í hendur! Atvinna og skóli. Ef við ætlum að byggja upp samfélagið á Bakkafirði þá verður að vera grunn- og leikskóli, ef við ætlum að fá fjölskyldufólk á staðinn!“.

### Næstu skref:

- Opna skóla og leikskóla.
- Ráða kennara – sem hægt væri að nýta á báðum stöðum.
- Nýtum tæknina og nýtum fjarkennslu.



## 5. Umhverfi og innviðir

Þátttakendum á íbúabínginu var umhugað um umhverfismál og ásýnd Bakkafjarðar. Þetta kom fram í nokkrum hópum, einum sem ræddi um umhverfismál almennt, öðrum sem ræddi um gróðursetningu og gönguleiðir og loks í hópi sem ræddi um samgöngur og höfn. Varðandi innviði, voru fólki veitumál og samgöngur efst í huga, ásamt húsnæðismálum og orkukostnaði og að komið verði upp þjónustumiðstöð á vegum sveitarfélagsins.

### 5.1. Ásýnd

Lögð var áhersla á að fara í allsherjar tiltekt á Bakkafirði og fá eigendur fasteigna til að taka til og viðhalda eignum sínum, til dæmis að mála þær.

Fram kom ósk um að farið verði í að leggja gangstéttir í þorpinu og bent á að lagfæra þurfi bæjargirðinguna, hún sé ónýt og þá væntanlega hættuleg.

### 5.2. Sorp og veitur

Á íbúabínginu var kallað eftir því að finna nýjan urðunarstað fyrir sveitarfélagið, sem yrði hluti af því að bæta ásýnd Bakkafjarðar og auka búsetugæði. Einnig þurfi að bæta fráveitumál, þau séu ekki í lagi.

Bent var á að koma þurfi upp nýrri girðingu í kringum vatnsbólið. Þá var stungið upp á því að ljúka leit á svæðum þar sem kann að vera heitt vatn.

### 5.3. Samgöngur

Í þessum hópi var kallað eftir því að klára veginn til Bakkafjarðar. Einnig að breyta vetrarþjónustu Vegagerðar úr þjónustuflokki 3, í þjónustuflokk 2 og þannig bæta snjómokstur og hálkuvarnir.

Fram kom að laga þurfi gömlu brúna yfir Miðfjarðará.

Þá var stungið upp á að íbúar yrðu duglegir við að samnýta ferðir til nærliggjandi byggðarlaga.

*„Fara í allsherjar tiltekt.“*



#### 5.4. Höfn og Bæjarvík

Fram kom áhugi á að laga aðgengi að Bæjarvíkinni og gera hana að ákjósanlegum útivistarstað og jafnframt að „gera eitthvað með gömlu bryggjuna“. Þetta tvennt mætti tengjast, þannig að gamla bryggjan verði löguð og verði hluti af þessu útivistarsvæði.

Lagt var til að vinna að því að endurheimta Bláfánann fyrir höfnina á Bakkafirði.

#### 5.5. Þjónustumiðstöð Bakkafjarðar

Kallað var eftir því að sveitarfélagið komi á fót þjónustumiðstöð á Bakkafirði. Miðað yrði við fullt starf sem gæti tengst höfninni og því verið hlutastarf á sumrin, vegna mikilla anna á höfninni þá. Þjónustumiðstöðin gæti verið staðsett í áhaldahúsinu og verkfæri, tól og tæki yrðu á staðnum. Starfsemin myndi einnig tengjast vinnuskóla á Bakkafirði.

Rætt var um ýmis verkefni sem yrðu á könnu þjónustumiðstöðvar, sem m.a. tengjast áherslunni á bætta ásýnd. Hópurinn nefndi sérstaklega eftirtalin verkefni:

- Laga skilti og aðrar eignir Langanesbyggðar.
- Minnka lúpínu.
- Gróðursetning.
- Listamannaverkefni, vatnstankur og fleira.

*„Gera eitthvað með gömlu bryggjuna“*

#### Næstu skref:

- Virkja hverfisráð í að forgangsraða þessum verkefnum með það að meginmarkmiði að bæta ásýnd staðarins til hins betra.
- Hverfisráð getur beitt þeim verkfærum sem það hefur í samstarfi við sveitarfélagið.
- Sækja um styrki til að framkvæma ýmis verkefni sem tengjast punktunum hér á undan.
- Ráða starfsmann í 100% vinnu .
- Virkja íbúa til að sækja um styrki til að vinna ákveðin verkefni.



## 5.6. Húsnæðismál

Í umræðu um húsnæðismál kom fram að skortur er á húsnæði á Bakkafirði. Helst sá fólk þær lausnir að hvetja íbúa til að klára húsnæði, þar sem framkvæmdir eru hafnar. Einnig að kanna áhuga hjá sumarhúsaeygendum varðandi (langtíma) leigu á húsum sínum.

Hins vegar sé aðgangur að verslun, grunnskilyrði fyrir því að fólk flytji á staðinn. Því var hvatt til þess að „klára búðina til að koma henni í rekstur“ og einnig rætt um pöntunarþjónustu.

Þá var komið inn á leiðir til orkusparnaðar, til að lækka húshitunarkostnað og sagt frá því að einhverntíma hefðu verið gerðar tilraunaboranir og þá hefði fundist heitt vatn á svæðinu.

### Næstu skref:

- Kanna samstarf við Orkusetur /-stofnun, vegna orkusparnaðar.
- Kanna möguleika á frekari leit að heitu vatni á svæðinu.
- Meta stöðu og þarfir í húsnæðismálum.
- Virkja fjarbúa – nota Facebook til að ná til þeirra og kanna áhuga.

## 5.7. Gróðursetning og gönguleiðir

Í hópi sem ræddi um gróðursetningu og gönguleiðir var stungið upp á því að skipuleggja gróðursetningarsvæði, bæði nálægt þorpinu og í samvinnu við landeigendur á Langanesströnd. Einnig var bent á að útrýma þurfi lúpínu í nágrenni þorpsins og vernda móa og berjaland, þar sem við á.

Varðandi gönguleiðir var lagt til að tekin verði ákvörðun um nokkrar gönguleiðir og framkvæmdum við þær síðan forgangsraðað. Nefndar voru nokkrar leiðir, t.d. yfir heiðina yfir í Viðvíkurdalinn, niður hann og svo með björgunum út í Steintún; meðfram ströndinni, t.d. frá Stapanum milli Þorvaldsstaða og Skeggjastaðar, út að Landsenda handan Steintúns (bjargið aðeins lengra en vitinn).

Velja ætti af kostgæfni greiðfærustu leiðirnar með hliðsjón af gömlum reiðleiðum og gönguleiðum, sögðu þátttakendur. Þá var viðruð hugmynd um að skipuleggja hjólabraut og göngustíg meðfram ströndinni út í nýju höfnina. Slíkar skipulagðar göngu- og hjólaleiðir hefðu tvíþættan tilgang, að auka lífsgæði heimafólks og auka „*Skipuleggja gróðursetningarsvæði*“ aðdráttarafi Bakkafjarðar fyrir ferðamenn.

### Næstu skref:

- Velja hentug svæði til skógræktar og sækja um styrki fyrir plöntum.
- Hafa samband við sjálfboðaliða til að planta og bera á og hjálpa til við að útrýma lúpíunni.
- Sækja um styrki til að fá stikur og mannskap í merkingu gönguleiða.

## 6. Samfélag

Á íbúðinginu var rætt um ýmis mál sem snúa að samfélaginu, til dæmis hvernig megi auðga félagslíf, auka samskipti, m.a. við nágrannabyggðarlögin og tengja saman fólk af ólíkum þjóðernum. Stungið var upp á að líta til einstaklinganna, heyra um þeirra bakgrunn og áhugasvið og nota það sem grunn að skrefum til eflingar byggðar.

### 6.1. Auka samskipti milli byggðarlaga

Fram kom áhugi á að auka samskipti milli byggðarlaganna tveggja sem tilheyra Langanesbyggð, Bakkafjarðar og Þórshafnar – og e.t.v. við fleiri nágrannabyggðarlög. Það yrði eitt af verkefnum hverfisráðs að stuðla að þessu.

Þátttakendur töldu bætтар samgöngur lykilatriði, til að þetta sé mögulegt.

Stungið var upp á sameiginlegri bæjarhátíð eða öðrum sameiginlegum viðburðum og sjómannadagurinn m.a. nefndur í því sambandi. Skipuleggja þyrfti ferðir milli staða, í tengslum við slíka viðburði, sögðu þátttakendur. Þá var nefndur sá möguleiki að Bakkfirðingar myndu bjóða nágrönnum sínum heim, með „heimboði til Bakkafjarðar“.

Einnig að tengja mætti íbúa byggðarlaganna í gegnum Facebook, með því að búa til sameiginlegan hóp og bjóða áhugasömum aðgang.

Þá kom fram að íbúar Bakkafjarðar vilja gjarnan að sveitarstjóri hafi einhverja viðveru á Bakkafirði.

Kjarninn í þessari hugsun, að opna gáttir til nágrannanna, kristallast í því þegar þátttakendur töluðu um að hætta að vera „við og þið“.

*„Heimboði til Bakkafjarðar.“*

#### Næstu skref:

- Koma Facebook hópi í gang.
- Virkja hverfisráð.
- Boða til fundar.
- Fundur annan hvern viðverudag sveitarstjóra.



KPH



## 6.2. Íslenskukennsla

Ein af forsendum þess að styrkja samfélagið á Bakkafirði, er að brúa bilið milli íbúa af mismunandi þjóðernum og þar skiptir íslenskukennsla miklu máli, sögðu þátttakendur á þinginu. Að þeirra mati þyrfti að bjóða upp á íslenskukennslu á hverju ári og síðan eftirfylgni. Tilvalið væri að flétta kynningu á Íslandi inn í kennsluna.

Flestir erlendu íbúarnir tilheyra tveimur þjóðernum, frá Póllandi og Búlgaríu. Því kom fram að finna þyrfti bæði búlgarskan og pólskan kennara. Jafnframt var lagt til að fá fyrirtæki að verkefninu.

## 6.3. Afþreying

Á íbúabinginu kom fram mikill áhugi á að auka afþreyingu og að ýmsir möguleikar felist í því að nýta aðstöðu sem þegar er á staðnum.

Rætt var um einhvers konar félagsmiðstöð þar sem væri möguleiki á að hittast reglulega, t.d. einu sinni í mánuði. Fá mætti námskeið á staðinn og þannig lífga upp á félagslífið, sögðu þátttakendur. Horft er til salarins í skólanum og að hann mætti m.a. nýta sem íþróttasal, bæði fyrir börn og fullorðna. Íþróttagreinar sem stunda mætti innanhúss væru t.d. billjard, mini-golf og borðtennis. Þá komu fram óskir um innanhúss afþreyingu þar sem ekki er aðstaða til staðar, s.s. líkamsrækt / -tæki og gufu og heitan pott.

Varðandi afþreyingu utanhúss var rætt um möguleika á að leika körfubolta. Einnig varð umræða um sparkvöll og stungið upp á að kanna áhuga hjá íbúum og Langanesbyggð, á að sinna fótboltavellinum.

## 6.4. Mannauður

Stungið var upp á umræðu um mannauð, sem byggðist á þeirri hugmynd að greina áhugasvið, hæfni, menntun og reynslu íbúa á Bakkafirði. Þannig væri verið að vinna innan frá, út frá því fólki sem þegar býr á staðnum og þeirra vilja og löngunum. Þetta mætti gera með því að taka viðtal við hvern og einn sem snerist þá um að greina ferilskrá viðkomandi. Slík greining gæti orðið grunnur að nýjum atvinnutækifærum og/eða nýsköpun, að mati þátttakenda.

Í raun myndi verkefnið snúast um að aðstoða fólk við að láta drauma sína rætast.

Í þessum hópi var einnig varpað fram þeirri spurningu, hvort hægt væri að leigja út sértækan byggðakvóta, til að fjármagna verkefni, ný tækifæri og nýsköpunarverkefni.

*„Aðstoða fólk við að láta drauma sína rætast.“*

### Næstu skref:

- Hafa samband við Þekkingarnet Þingeyinga, varðandi íslenskunámskeið.
- Hafa samband við Þórð, búlgarskan mann sem býr á Vopnafirði og er altalandi á íslensku.
- Tala við sveitarstjóra um möguleika á aðstöðu fyrir afþreyingu og félagsstarf.
- Kanna áhuga fólks á valmöguleikum varðandi afþreyingu; „hvað myndir þú helst nota?“.
- Hefja vinnu við að kortleggja mannauð á Bakkafirði.
- Samantekt og kynning á áhuga og hæfni íbúa Bakkafjarðar og nærsveita.

## 7. Ný tækifæri

Fram komu þrjár hugmyndir sem byggja á því að nýta aðstöðu og þekkingu á staðnum og gera meira úr því sem þegar er til staðar. Þetta voru hugmynd um að koma á fót listamiðstöð, nýta skólann fyrir sérsniðin prógrömm í raungreinakennslu og að bjóða upp á sumarbúðir fyrir börn.

### 7.1. Listamiðstöð

Einn hópur ræddi þá hugmynd að gera bragga að Hafnartanga 2b, að listamiðstöð. Þar gæti verið listamannaíbúð, vinnustofur og byggðasafn. Horft er til listamiðstöðvarinnar Ness á Skagaströnd og einnig Gamla skóla í Hrísey, sem fyrirmynda. Þetta kallar á uppbyggingu á bragganum, sem mun þegar vera hafin og kom fram að byrjað sé að rífa gamalt bárujárn af húsinu. Markmiðið væri að fá listamenn víða að úr heiminum, með nýjar og skapandi hugmyndir. Einnig mætti vera með listasmiðjur / „listvistun“, skapandi afþreyingu, fyrir börn á sumrin.

Þá var bent á að á Bakkafirði er mikið af fólki af erlendum uppruna, með mismunandi matarmenningu. Það búi til tækifæri til að „hittast og hafa góða matarlist saman“. Verkefni sem þessi þarfnist fjármagns og litu þátttakendur þar til aðildar sveitarfélagsins og/eða annarrar opinberrar aðstoðar.

*„Fá listamenn frá öllum löndum,  
nýjar hugmyndir og skapandi.“*

### 7.2. Raungreinasetur

Stungið var upp á umræðu um raungreinasetur og eftir því sem umræðunni vatt fram voru einnig notuð hugtökin „raunvísindadeild“ og „raungreinadeild“. Hugmyndin snýst um að nýta skólann til að kenna raungreinar og bjóða nemendum af þessu svæði, eða jafnvel af landinu öllu. Búið yrði til prógramm og framkvæmdar tilraunir og athuganir, í eðlis-, efna og jarðfræði. Til þess þyrfti tæki og efni, sögðu þátttakendur.

Höfða mætti til nemenda bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Þetta gæti t.d. verið dvöl í eina viku, rannsóknabúðir unga fólksins, þar sem verið væri að gera tilraunir eins og hjá Háskólalestinni. Markmiðið væri að vekja upp áhuga og gera raunvísindi áhugaverð og skemmtileg. Efla þurfi kennslu í raunvísindum, sem sé ábótavant. Nýta mætti mannauðinn sem er á staðnum.

Hugsanlega mætti stofna fræðasetur, sögðu þátttakendur og/eða mögulega að tengja við ráðningu náttúrufræðings vegna verkefnis á Bakkaflóa.



KPH





### 7.3. Sumarbúðir á Bakkafirði

Varpað var fram hugmynd um að setja á fót sumarbúðir á Bakkafirði, fyrir börn á öllum aldri. Byggt yrði á fjölbreyttri dagskrá og mætti m.a. bjóða upp á gönguferðir, grill, sveitaferðir, hestaferðir og bátsferðir, með tækifæri til að veiða fisk. Stungið var upp á að kanna þann möguleika að börnin gistu á heimilum Bakkfirðinga.

Í þessu sambandi var einnig lagt til að kanna möguleika á að byggja útigrill við tjaldstæðið, til að nota við allskonar samkomur. Þetta gæti, sögðu þátttakendur, verið samstarfsverkefni íbúa og sveitarfélags.

#### Næstu skref:

- Varðandi listamiðstöð: Íbúasamtök sett aftur af stað, ekki einblína á eitt verkefni, heldur hittast reglulega, láta gott af sér leiða. Gera eitthvað fyrir staðinn.
- Athuga með styrki hjá Eyping vegna listamiðstöðvar.
- Skoða fjármagn vegna raungreinaseturs og athuga með að tengja við önnur verkefni.
- Kanna hjá íbúum hvort hugmynd um sumarbúðir myndi ganga upp og ræða þá framhaldið.

## 8. Að tíu árum liðnum - 2029

*„Við sáum sérstöðu og kosti staðarins.“*

Í lok þings voru þátttakendur beðnir um að horfa tíu ár fram í tímann og hugsa sér að allt hefði gengið svo vel á Bakkafirði að eftir því yrði tekið. Skipt var upp í fjóra hópa, eftir tungumálum og fékk hver hópur það verkefni að ímynda sér að árið 2029 kæmi til þeirra blaðamaður sem spyrði: „Hvernig fóruð þið að því að ná þessum góða árangri?“. Hóparnir skráðu svör sín á blað og var þeim síðan deilt með öllum þátttakendum.

Einn hópanna lét sig dreyma um fjölmennt byggðarlag þar sem hefði orðið að minnsta kosti þreföldun íbúa. Á Bakkafirði væru þá margir vinnustaðir, verksmiðjur, skrifstofubyggingar, Bónus, Nettó, Vínbúð og fleiri búðir. Komin væri ný og stærri höfn. Hér væri afþreying bæði fyrir heimamenn og ferðafólk, hótél, bar, veitingahús, spa, hársnyrtistofa, fullkomið bío, íþróttamiðstöð, íþróttir, sundlaug, heitir pottar og dýragarður. Búið væri að stofna fótboltalið og skotveiðifélag og á Bakkafirði starfaði leik- og grunnskóli og þar væri heilsugæslustöð. Bærinn státaði af grænum garði og fallegri göngugötu (promenade). Síðast en ekki síst, væru góð tengsl og samskipti milli fólks af ólíkum þjóðernum.

Aðrir hópar töluðu um áhuga íbúanna á breytingum og til að framkvæma, samvinnu og samstöðu og samtakamátt um uppbyggingu staðarins. Ríkt hafi mikill áhugi og vilji fólks til að bæta stöðuna og samfélagið. Bakkfirðingar hafi sýnt þrautseigju og ekki gefist upp. Fólk hafi hist reglulega og farið yfir stöðuna og skipt með sér verkum, séð sérstöðu og kosti staðarins, byggt á því og látið verkin tala. „Við fórum að hlusta á hvert annað og treysta.“

Það hafi verið hlustað á íbúana og „við fórum að haga okkur sem eitt sveitarfélag, loksins“. Ásýnd staðarins hafi batnað til muna, eða eins og það var orðað: „Við búum ekki lengur á ruslahaugum, sem er mjög jákvætt fyrir andlegu hliðina“. Skólinn hafi verið opnaður. Peningar hafi fylgt verkefnum og hugmyndum og „bjartsýni og ákveðni íbúanna skilaði sér“.

## 9. Að lokum

Verkefnið „Brothættar byggðir“, grundvallast á að vinna með íbúum, sveitarfélagi og stoðstofnunum. Skilaboð íbúabings, ásamt stöðugreiningu, eru efniviður fyrir framtíðarsýn og verkefnisáætlun til allt að fjögurra ára. Þegar boðið er til samtals, eins og hér, felst í því ákveðið loforð um að það sem út úr því kemur, muni á einhvern hátt hafa áhrif á ákvarðanir. Í verkefnislýsingu er þetta loforð skilgreint þannig:

*„Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.“*

*Verkefnisstjórnin mun leggja niðurstöður stefnumótunar og verkefnisáætlun fram til umfjöllunar hjá aðilum verkefnisins og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, til að tryggja samstöðu um verkefnið. Enn fremur að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúanna.“<sup>5</sup>*

Þegar skoðað er hvaða aðilar Bakkfirðingar telja að eigi að gegna leiðtogahlutverki í framhaldi verkefnisins, er, auk verkefnisstjórnar og þeirra stofnana sem standa að verkefninu, horft til þess að heimamenn beini sínum kröftum í ákveðinn farveg. Þar var annars vegar nefnt hverfisráð og hins vegar íbúasamtök. Talsvert miklar væntingar eru til sveitarfélagsins Langanesbyggðar og að starfsemi þess á Bakkafirði verði eflid. Þá er greinilegt að íbúar hafa miklar væntingar til opunar verslunar á staðnum, enda sé sú þjónusta eitt af grunnskilyrðum fyrir búsetu.

Á Bakkafirði hefur lengi ríkt óvissa um byggð og daginn áður en þingið hófst, bárust fregnir af gjaldþroti eins af fyrirtækjunum á staðnum. En á þinginu, þar sem íbúar réðu ráðum sínum, vottaði ekki fyrir uppgjöf, heldur var horft til lausna. Samfélagið er óvenjulega samsett, með bland af rötgrónum Bakkfirðingum, háu hlutfalli íbúa af erlendum uppruna og ungu barnafólki, sem er að setjast að og vill horfa til framtíðar. Árangur verkefnisins mun að verulegu leiti ráðast af því hvernig tekst að virkja og tengja þessa hópa enn frekar og nýta þann kraft sem samtalið á íbúabinginu leysti úr læðingi, til eflingar byggðar við Bakkaflóa.



KPH

<sup>5</sup> [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/verklýsings/verkefnislýsing-brothaetta-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/verkefnislýsing-brothaetta-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf), bls. 8